Akureyrarbær

## Samkomulag milli Einingar-Iðju og Akureyrarbæjar vegna 17 ára ungmenna

Eining-Iðja, kt. 570599-2599 og Akureyrarbær, kt. 410169-6229 gera með sér eftirfarandi samkomulag um launakjör 17 ára ungmenna sumarið 2020, með vísan til ákvæðis 1.4.3 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélag fyrir hönd Akureyrarbæjar og Starfsgreinasambands Íslands fyrir hönd Einingar-Iðju.

1. Akureyrarbær hefur undanfarin ár boðið 17 ára ungmennum sumarvinnu 7 tíma á dag í allt að 240 klst sem fullgildum starfsmönnum í Einingu-Iðju.

2. Samningsaðilar eru sammála um að bjóða upp á þessi störf í Vnnuskóla hjá Akureyrarbæ með óbreyttum hætti sumarið 2020 enda mikilvægt vegna mjög erfiðra aðstæðna af áhrifum Covid19 að grípa til úrræða til að tryggja að ungmenni eigi kost á sumarvinnu.

3. Akureyrarbær skuldbindur sig til að bjóða öllum 17 ára ungmennum, sem sækja um, atvinnu sumarið 2020 í allt að 200 klst.

4. Eining-Iðja samþykkir fyrir sitt leyti að launakjör miðist við launaröðun Verkamanns I eða 82% af launaflokki 117.

Ofanrituðu til staðfestu undirrita aðilar samkomulag þetta.

Akureyri, 2. júní 2020

F.h. Einingar-Iðju

Björn Snæbjörnsson
Formaður

F.h. Akureyrarbæjar

Halla Margrét Tryggvadóttir
Sviðsstjóri stjórnsýsusviðs